

Fimmtudaginn 1. febrúar 1996.

Nr. 110/1994.

Bjarni P. Guðmundsson

Sigríður B. Guðmundsdóttir

Ragnhildur I. Guðmundsdóttir og

Þóra Guðmundsdóttir

(Kjartan Ragnars hrl.)

gegn

dánarbúi Elínborgar Brynjólfsdóttur

(Ingimundur Einarsson hrl.)

Afsal. Lífsgerningur. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. mars 1994. Þau krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að afsal 15. júní 1990 til Elínborgar Brynjólfsdóttur um jörðina Gölt í Grímsneshreppi í Árnessýslu, þ. e. fyrir 1/4 hluta jarðarinnar ásamt 1/4 hluta hlunninda og ræktunar og helmingi íbúðarhúss og útihúsa, verði dæmt ógilt og það staðfest með dómi, að hið afsalaða sé eign dánarbús Kristins Brynjólfssonar, sem andaðist 27. júní 1990. Jafnframt krefjast þau málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefnda í héraði, Elínborg Brynjólfsdóttir, andaðist 16. janúar 1995. Hefur dánarbú hennar, sem er undir einkaskiptum, tekið við aðild að málinu hér fyrir dómi.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Kristinn Brynjólfsson, föðurbróðir áfrýjenda og bróðir Elínborgar heitinnar, var ókvæntur og barnlaus og hafði þannig óskoraða arfleðsluheimild. Nægilega er í ljós leitt, að hann hafi 15. júní 1990 verið hæfur til að ráðstafa eignum sínum, en einnig gert sér grein fyrir, að hann ætti skammt ólifað. Fyrir liggur, að hann hafi haft uppi ráðagerðir um að ráðstafa jörð sinni eða hlutum hennar með

afsali í lifanda lífi, eftir að hann greindist með krabbamein haustið 1989, án þess að til endanlegrar ákvörðunar væri komið, þegar hann lagðist á sjúkrahús vorið eftir. Er það sama form og haft var á gerningi hans á sjúkrahúsinu. Telja verður eftir því, sem fram er komið, að hið umdeilda afsal og efni þess hafi verið í samræmi við vilja hans. Hafi hann meðal annars metið samskipti sín og systur sinnar á þann veg, að afhending eignanna til hennar væri ekki án endurgjalds, en fyrir liggur, að hann hafði um árábil notið stuðnings hennar við búskap sinn á jörðinni. Verður ekki á það fallist, að ráðstöfun eignanna eigi að teljast gjöf að undirstöðu til. Þegar lítið er til þessa og þeirra atvika að frágangi afsalsins, sem lýst er í forsendum héraðsdóms, verður að meta það sem gildan lífsgerning, er orðið hafi bindandi þá þegar.

Með skírskotun til þessa og að öðru leyti til forsendna héraðsdómara ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

Í greinargerð áfrýjenda fyrir Hæstarétti eru héraðsdómara að ástæðulausu borin á brýn ámælisverð vinnubrögð við úrlausn málsins og einnig farið óviðurkvæmilegum orðum um framburð eins vitnis. Verður að átelja þetta, þótt ummælin væru ekki ítrekuð við munnlegan flutning málsins.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Bjarni Þ. Guðmundsson, Sigríður B. Guðmundsdóttir, Ragnhildur I. Guðmundsdóttir og Þóra Guðmundsdóttir, greiði stefnda, dánarbúi Elínborgar Brynjólfsdóttur, 80.000 krónur óskipt í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 15. desember 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. f. m., er höfðað með stefnu, birtri 3. apríl 1993, af Bjarna Þ. Guðmundssyni, kt. 120841-7269, Keilufelli 11, Reykjavík, Sigríði B. Guðmundsdóttur, kt. 130842-4459, Kópavogsbraut 78, Kópavogi, Ragnhildi I. Guðmundsdóttur, kt. 211048-7199, Álfheimum 38, Reykjavík, og Þóru Guðmundsdóttur, kt. 230759-3249, Seylugranda 1,

Reykjavík, á hendur Elínborgu Brynjólfsdóttur, kt. 020819-4569, Gelti, Grímsneshreppi, Árnæssýslu.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að afsal til stefndu, dags. 15. júní 1990, fyrir 1/4 hluta jarðarinnar Galtar í Grímsneshreppi ásamt nánar tilgreindum hluta íbúðarhúss, útihúsa og hlunninda og ræktunar þar verði dæmt ógilt og staðfest með dómi, að hið afsalaða sé eign dánarbús Kristins Brynjólfssonar. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefndu.

Endanleg efniskrafa stefndu í máli þessu er sú, að hún verði alsýknuð af kröfum stefnenda. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnenda in solidum.

Upphaflega var af hálfu stefndu krafist frávísunar málsins, en í þinghaldi 18. október sl. var fallið frá þeirri kröfu.

II.

Í máli þessu er um það deilt, hvort yfirfærsla á eignarrétti að fjórðungi jarðarinnar Galtar í Grímsneshreppi ásamt tilteknum hluta íbúðarhúss, útihúsa og hlunninda og ræktunar þar samkvæmt afsali frá 15. júní 1990 sé gild að lögum. Í afsali þessu segir m. a.: „Ég undirritaður, Kristinn Brynjólfsson, kt. 180613-3319, bóndi í Gelti í Grímsneshreppi, sel hér með og afsala systur minni, Elínborgu Brynjólfsdóttur, kt. 020819-4569, til heimilis á sama stað 1/4 hluta jarðarinnar Göltur í Grímsneshreppi ásamt 1/4 hluta hlunninda og ræktunar, 1/2 íbúðarhúsi í Gelti og 1/2 öðrum útihúsum í minni eigu í Gelti. Kaupverð eignarinnar er að fullu greitt við undirskrift afsals þessa. ... Samkvæmt ofanrituðu lýsi ég kaupandann, Elínborgu Brynjólfsdóttur, réttan og löglegan eiganda hinnar seldu eignar frá deginum í dag að telja. ... Til staðfestu handsala ég nafn mitt í votta viðurvist til Böðvars Pálssonar sem og votta rétta dagsetningu og lögræði aðila.“ Í samræmi við framangreint er afsal þetta undirritað af Böðvari Pálssyni f. h. Kristins Brynjólfssonar. Þá er rétt dagsetning og lögræði aðila staðfest af tveimur vottum, þeim Herborgu Pálsdóttur og Aðalheiði Guðmundsdóttur. Var afsalið afhent sýslumanninum í Árnæssýslu til þinglýsingar þegar á útgáfudegi þess, 15. júní 1990, og innfært í þinglýsingabók 16. næsta mánaðar. Hinn 13. nóvember sama ár ritaði nefndur sýslumaður stefndu bréf, þar sem henni var tilkynnt, að þinglýsing afsalsins hefði verið felld úr gildi og færsla í fasteignabók strikuð út. Var sú ráðstöfun byggð á því mati sýslumanns, að skjalið fullnægði ekki ákvæðum 22. gr. þinglýsingalaga, þar eð ekki hefði komið fram í áritun vottanna, að þeir staðfestu handsal útgefanda afsalsins og undirskrift þess, er undir afsalið ritaði fyrir hans hönd. Úr þessum ágalla var síðar bætt. Var þá ritaður á afsalið svohljóðandi texti: „Við undirritaðir vottar að rétttri dagsetningu og lögræði aðila, sem að ofan greinir, vottum einnig, að Krist-

inn Brynjólfsson, bóndi í Gölt í Grímsnesi, handsalaði Böðvari Pálssyni, Búrfelli, Grímsnesi, umboði til að undirrita ofanskráð afsal fyrir sína hönd. Jafnframt vottum við, að Böðvar Pálsson undirritaði afsalið í okkar viðurvist.“ Undir þetta rita þær Herborg Pálsdóttir og Aðalheiður Guðmundsdóttir, en þær höfðu, svo sem fyrr greinir, áður vottað rétta dagsetningu afsals og lögræði aðila. Var afsalið þessu næst afhent til þinglýsingar 3. desember 1990 og það innfært í þinglýsingabók að nýju 17. sama mánaðar.

Kristinn Brynjólfsson lést á sjúkrahúsinu á Selfossi 27. júní 1990, tæpum tveimur vikum eftir að afsal það, sem hér um ræðir, var undirritað. Hafði hann haustið 1989 greinst með krabbamein, er dró hann til dauða. Hann var ókvæntur og barnlaus og hafði ekki ráðstafað eignum sínum með erfðaskrá.

Pau Kristinn Brynjólfsson og Elínborg Brynjólfsdóttir, stefnda í máli þessu, eignuðust jörðina Gölt ásamt systkinum sínum, Guðmundi og Borg-hildi, 18. desember 1965. Kom fjórðungur jarðarinnar í hlut hvers við skipti á dánarbúi föður þeirra, Brynjólfs Þórðarsonar. Sama dag afsöluðu þau Guðmundur og Borghildur sínum eignarhlutum til Kristins. Var hann þar með orðinn eigandi jarðarinnar að 3/4 hlutum. Þeim eignarhluta sínum afsalaði hann síðan annars vegar til stefndu með framangreindu afsali 15. júní 1990 og hins vegar til sonar stefndu, Guðmundar Pálma Kragh, með afsali, dagsettu sama dag. Hefur gildi þessara síðastgreindu afsala verið vefengt af hálfu stefnenda málsins, en þau eru börn Guðmundar Brynjólfssonar og þar með lögerfingjar Kristins. Er samhliða því máli, sem hér er til úrlausnar, rekið annað mál til ógildingar á heimildarbréfi Guðmundar Pálma.

Dánarbúi Kristins Brynjólfssonar var tekið til opinberrar skiptameðferðar sem skuldafrágöngubúi. Er skiptum ekki lokið. Fór skiptaráðandinn í Árnessýslu með málefni búsins í upphafi, en 18. maí 1992 vék hann sæti að kröfu stefnenda. Var Helgi Jóhannesson héraðsdómslögmaður þá skipaður til að gegna starfi skiptastjóra í dánarbúinu. Á skiptafundi 8. janúar 1993 var lýst yfir því af hálfu skiptastjórans, að búið myndi ekki hlutast til um riftun á þeim gerningi, sem hér er til umfjöllunar. Hafa stefnendur höfðað mál þetta í eigin nafni og búinu til hagsbóta, sbr. 3. mgr. 68. gr. laga nr. 20/1991.

III.

Meginmálsástæða stefnenda í máli þessu er sú, að hin umprætta eignayfirfærsla sé dánarbedsgjöf, sbr. 54. gr. erfðalaga nr. 8/1962, og þar sem ekki hafi verið gætt formreglna 4. kafla laganna við gerð hennar, sé hún ógild og að engu hafandi. Telja stefnendur sannað, að stefnda hafi aldrei greitt fyrir eignir þær, sem hér um ræðir, enda hafi hún jafnan vikið sér undan því að

svara spurningum þar um. Þá hafi engin gögn fundist í vörslum dánarbúsins, sem bendi til þess, að greiðsla hafi komið fyrir hinar afsöluðu eignir. Jafnframt telja stefnendur ljóst, að 15. júní 1990 hafi heilsufar Kristins Brynjólfssonar verið með þeim hætti, að óhugsandi sé, að hann hafi gert sér grein fyrir efni afsalsins. Það sé reyndar ekki skilyrði fyrir því, að á greinda ráðstöfun verði litið sem dánarbeðsgjöf, heldur sé nægilegt að leiða í ljós, að Kristinn hafi umræddan dag verið undir áhrifum dauðakenndar. Fyrir liggi, að hann hafi þá verið orðinn fársjúkur og dauðvona sökum þess sjúkdóms, sem hann var haldinn. Hafi engum dulist og þá ekki Kristni sjálfum, að hann ætti skammt eftir ólifað. Fór svo, að hann lést aðeins 12 dögum eftir, að undirritun þess afsals, sem hér er um deilt, fór fram. Samkvæmt framangreindu er það mat stefnenda, að líta verði á greint eignaafsal sem gjöf á dánarbeði í skilningi 54. gr. erfðalaga. Það leiði til þess, að við stofnun gerningsins hafi borið að gæta formreglna 4. kafla erfðalaganna. Það hafi hins vegar ekki verið gert, og því beri að ógilda þá ráðstöfun, sem í gerningnum felst.

Til vara reisa stefnendur dómkröfur sínar á því, að umrætt afsal sé samkvæmt efni sínu ógilt, þar sem ekki sé að finna þar yfirlýsingu frá Kristni sjálfum þess efnis, að hann afsali sér þeim eignum, sem þar eru tilgreindar. Viðurkenna stefnendur með öðrum orðum ekki „umboð“ eða „handsal“ til undirskriftar til Böðvars Pálssonar og halda því sérstaklega fram, að Böðvar hafi enga heimild haft til að rita undir þann gerning, sem hér um ræðir. Þá hafi ekki verið gætt ákvæða laga nr. 86/1989 um lögbókandagerðir við undirritun gerningsins. Leiði sú vanræksla til þess, að ósannað verði að teljast, að Kristinn hafi gert sér grein fyrir efni hans, enda beri gerningurinn það ekki með sér, að efni hans hafi verið lesið fyrir Kristni. Vísast stefnendur framangreindu til stuðnings til III. kafla laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936, einkum 11. gr.

IV.

Í greinargerð sinni tekur stefnda fram, að Kristinn Brynjólfsson hafi búið að Gelti alla sína tíð. Hið sama megi segja um stefndu og systur þeirra Kristins, Borghildi. Þar hafi einnig búið börn stefndu, þar á meðal sonur hennar, Guðmundur Pálmi. Kristinn hafi aldrei haft ráðskonu á heimilinu, og því hafi það komið í hlut þeirra systra, stefndu og Borghildar, að annast heimilishaldið og aðdrætti og aðstoða við búskapinn að öðru leyti kvölds og morgna. Hafi þær gengið til allra búverka ásamt Kristni, svo lengi sem heilsa og kraftar leyfðu. Kristinn hafi rekið fjárbú og kúabú á jörðinni. Þá hafi hann einnig átt töluvert af hrossum. Guðmundur Pálmi, sonur stefndu, hafi aðstoðað heimilisfólkið að Gelti við búskapinn, og hafi búskapurinn

hvílt æ þyngra á herðum hans, eftir því sem fram liðu stundir og heilsa þeirra systkina tók að bila. Er framangreint í fullu samræmi við framburð vitnisins Borghildar Brynjólfsdóttur fyrir dómi.

Sýknukröfu sína í málinu reisir stefnda á því, að Kristinn Brynjólfsson hafi haft fulla heimild til ráðstöfunar á eignum sínum 15. júní 1990 og sú ráðstöfun hans, sem hér er um deilt, hafi verið í samræmi við einlægan vilja hans. Mótmælir stefnda sem ósannaðri þeirri staðhæfingu stefnenda, að Kristinn hafi á þeim tíma, sem hér er um ræðir, ekki gert sér grein fyrir þeirri ráðstöfun eigna sinna, sem kveðið er á um í greindu afsali. Þá hafi á allan hátt verið staðið að afsalsgerð með eðlilegum og lögboðnum hætti. Kristni hafi þannig verið lesið efni afsalsins lið fyrir lið, og það, sem fram hafi farið, sé vottað lögum samkvæmt.

Þá mótmælir stefnda sem rangri þeirri málásástæðu stefnenda, að engin greiðsla hafi komið fyrir hið afsalaða og því beri að líta á afsalið sem dánarbeðsgjöf samkvæmt 54. gr. erfðalaga. Í nefndu afsali sé tekið fram berum orðum, að kaupverð eignarhlutans sé að fullu greitt. Telur stefnda það engu máli skipta, hvort greitt hafi verið fyrir hið selda með peningum eða öðru. Það sé einungis mál stefndu og Kristins heitins, hvert hafi verið form greiðslunnar, og öðrum komi það hreinlega ekki við. Öllu máli skipti hins vegar, að því sé lýst yfir af hálfu Kristins í afsalinu, að kaupverðið sé að fullu greitt. Þá sé enn fremur lýst yfir þar, að stefnda teljist réttur og löglegur eigandi hinnar seldu eignar frá 15. júní 1990 að telja. Það hafi því verið vilji Kristins, að eigendaskipti færu fram þá þegar, þannig, að vörslur og umráð eignarinnar gengju strax til stefndu. Þá hafi stefnda án tafar gert reka að því að fá heimildarbréfi sínu þinglýst. Samkvæmt þessu eigi það sér enga stoð að telja afsal Kristins heitins til stefndu vera dánarbeðsgjöf í skilningi hins tilvitnaða ákvæðis erfðalaga.

V.

Í máli þessu er, svo sem að framan er rakið, deilt um gildi afsals, sem samkvæmt efni sínu kveður á um tiltekna eignayfirfærslu til stefndu, Elínborgar Brynjólfsdóttur.

Afstöðu málsaðila til sakarefnis er áður lýst.

Telja verður nægilega í ljós leitt, að Kristinn Brynjólfsson hafi 15. júní 1990 verið hæfur til að ráðstafa eignum sínum. Hins vegar bendir flest til þess, að hann hafi þá gert sér fyllilega grein fyrir því, að hann ætti skammt eftir ólífað.

Í framburði Böðvars Pálssonar hér fyrir dómi kom fram, að hann hefði kynnt Kristni heitnum efni hins umdeilda afsals með því að lesa það í áheyrn hans. Hefði Kristinn lýst yfir, að þar greind ráðstöfun væri í sam-

ræmi við vilja sinn. Þá hafa vottarnir Herborg Pálsdóttir og Aðalheiður Guðmundsdóttir staðfest fyrir dómi, að Böðvar hafi undirritað afsalið í viðurvist þeirra, eftir að Kristinn hafi falið honum að annast þá gerð fyrir sína hönd. Þá er ráðstöfun sú, sem hér um ræðir, í fullu samræmi við skilmerkilegan vitnisburð Borghildar Brynjólfsdóttur. Loks ber að hafa það í huga, að ekkert hefur komið fram í málinu, sem bendir til þess, að Kristinn heitinn hafi á þeim tíma, sem hér skiptir máli, viljað ráðstafa þeim eignum, sem tilgreindar eru í afsalinu, á annan hátt en þar kemur fram. Þá er hin umdeilda ráðstöfun ekki óeðlileg miðað við aðstæður.

Í umræddu afsali er skýrt tekið fram, að kaupverð hinna seldu eigna sé að fullu greitt. Kaupverðið er hins vegar ekki tilgreint sérstaklega. Samkvæmt orðum sínum ber afsalið þannig ótvírætt með sér, að endurgjald hafi komið fyrir þær eignir, sem afsalað var. Með því, sem áður er rakið og svo sem hér hagar til, þykja ekki vera efni til að hnekkja þessu ákvæði afsalsins. Af sömu ástæðu verður ekki litið svo á, að endurgjaldið hafi verið þess eðlis, að jafna megi umræddu eignaafsali við gjafagerning. Að þessu virtu telst hin greinda ráðstöfun ekki vera gjöf á dánarbeiði í skilningi 54. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

Samkvæmt öllu því, sem hér hefur verið tilfært, er það álit dómsins, að ekki séu efni til að ógilda þá ráðstöfun, sem um er deilt í máli þessu. Verður stefnda því sýknuð af kröfum stefnenda.

Rétt er, að stefnendur greiði stefndu óskipt 130.000 krónur í málskostnað. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

VI.

Stefna í máli þessu brýtur stórlega í bága við ákvæði e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þannig er í stefnunni fjallað ýtarlega og í löngu máli um atriði, sem ekki hafa beina þýðingu fyrir úrlausn málsins. Dregur málatilbúnaður stefnenda að öðru leyti nokkurn dóm af þessu. Ber að átella þetta.

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Elínborg Brynjólfsdóttir, á í máli þessu að vera sýkn af kröfum stefnenda, Bjarna Þ. Guðmundssonar, Sigríðar B. Guðmundsdóttur, Ragnhildar I. Guðmundsdóttur og Þóru Guðmundsdóttur.

Stefnendur greiði óskipt stefndu 130.000 krónur í málskostnað.